

Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn. 14. desember, var haldinn 147. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Hlíðaskóla og hófst kl. 16.20 Viðstödd voru: Margrét M Norðdahl (S), Örn Þórðarson (D), Eva Kamilla Einarsdóttir (S), Kristján Freyr Halldórsson (BF) og Hrefna Guðmundsdóttir (BF). Þá sátu fundinn þau Jón Finnbogason (F og F) áheyrnarfulltrúi, Edda Ýr Garðarsdóttir fulltrúi íbúasamtaka Hlíða, Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Sigfús Ómar Höskuldsson.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning og almennar umræður um skólastarf í Hlíðaskóla og annað sem viðkemur starfsemi skólans.

Kristrún Guðmundsdóttir skólastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 17.30 víkur Jón Finnbogason af fundi.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða þakkar Kristínu fyrir góðar móttökur og veitingar og kynningu á starfsemi skólans.

2. Lagt fram bréf um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Samþykkt að fela formanni að senda inn umsögn fyrir hönd hverfisráðs.
3. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 13. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðsins um tillögu um breytta skipun í hverfisráð. Samþykkt að fela formanni að senda inn umsögn fyrir hönd ráðsins.
4. Fram fer umræða um Njálsgöturóló.

Fundi slitið kl. 18.10

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson
Eva Kamilla Einarsdóttir

Hrefna Guðmundsdóttir
Kristján Freyr Halldórsson